

STARFSÁÆTLUN FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

KJARNINN KÓPAVOGSSKÓLA 2021-2022



Halldór Hlöðversson
halldorh@kopavogur.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08 2026

1. Hagnýtar upplýsingar

Starfsemi og aðstaða: Kjarninn er félagsmiðstöð barna og unglinga (10 - 16 ára / 5. - 10. bekk). Kjarninn er staðsettur í Kópavogsskóla og er aðstaðan aðallega í sal skólans og í rýminu í kringum hann (andyri, gangur, salerni). Forstöðumaður í Kjarnanum er Halldór Hlökkversson. Sími í Kjarnanum er 441-3430 / 696-1623 og netfang er halldorh@kopavogur.is

Opnunartími: Hefðbundinn opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 – 22:00 og annan hvern föstudag frá kl. 19:30-23:00. Einnig er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni.

2. Dagatal félagsmiðstöðva í Kópavogi (unglingastig)

Menntasvið
Fristundadeild

Félagsmiðstöðvadaatal 2021 - 2022

Nafn:

Kjarninn

Ókristýttur		Skipting										Skiptingunni saman			
AGUST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAI	JUNI					
1. S	1. M	1. F	1. M	1. M	1. L	1. F	1. F	1. F	1. S	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M
2. M	2. F	2. L	2. F	2. F	2. S	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M
3. F	3. S	3. S	3. M	3. M	3. M	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F
4. M	4. L	4. M	4. F	4. L	4. M	4. F	4. F	4. F	4. M	4. M	4. M	4. M	4. M	4. M	4. M
5. S	5. S	5. S	5. M	5. M	5. L	5. M	5. L	5. L	5. S	5. S	5. S	5. S	5. S	5. S	5. S
6. F	6. M	6. M	6. F	6. F	6. S	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M
7. L	7. F	7. F	7. S	7. S	7. M	7. F	7. F	7. F	7. L	7. L	7. L	7. L	7. L	7. L	7. L
8. S	8. M	8. M	8. M	8. M	8. L	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M
9. M	9. F	9. F	9. S	9. S	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M
10. F	10. S	10. S	10. M	10. M	10. L	10. M	10. L	10. L	10. S	10. S	10. S	10. S	10. S	10. S	10. S
11. M	11. L	11. M	11. F	11. F	11. S	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M
12. F	12. S	12. S	12. M	12. M	12. L	12. M	12. L	12. L	12. S	12. S	12. S	12. S	12. S	12. S	12. S
13. F	13. M	13. M	13. F	13. F	13. S	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M
14. L	14. M	14. M	14. F	14. F	14. S	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M
15. M	15. L	15. M	15. F	15. F	15. S	15. M	15. L	15. L	15. S	15. S	15. S	15. S	15. S	15. S	15. S
16. F	16. M	16. M	16. F	16. F	16. S	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M
17. F	17. S	17. S	17. M	17. M	17. L	17. M	17. L	17. L	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S	17. S
18. M	18. L	18. M	18. F	18. F	18. S	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M
19. F	19. S	19. S	19. M	19. M	19. L	19. M	19. L	19. L	19. S	19. S	19. S	19. S	19. S	19. S	19. S
20. F	20. M	20. M	20. F	20. F	20. S	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M
21. L	21. F	21. F	21. S	21. S	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M
22. S	22. M	22. M	22. F	22. F	22. S	22. M	22. L	22. L	22. S	22. S	22. S	22. S	22. S	22. S	22. S
23. M	23. F	23. F	23. S	23. S	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M
24. F	24. S	24. S	24. M	24. M	24. L	24. M	24. L	24. L	24. S	24. S	24. S	24. S	24. S	24. S	24. S
25. M	25. L	25. M	25. F	25. F	25. S	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M
26. F	26. S	26. S	26. M	26. M	26. L	26. M	26. L	26. L	26. S	26. S	26. S	26. S	26. S	26. S	26. S
27. F	27. M	27. M	27. F	27. F	27. S	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M
28. L	28. F	28. F	28. S	28. S	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M
29. S	29. M	29. M	29. F	29. F	29. S	29. M	29. L	29. L	29. S	29. S	29. S	29. S	29. S	29. S	29. S
30. M	30. F	30. F	30. S	30. S	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M
31. S		31. S		31. F		31. M						31. F			

3. Starfið í félagsmiðstöðinni í vetur

Dagsskipulag: Utan hefðbundinna hádegis- og dagopnanna eru fastir liðir daglega. Á mánudögum fundar forstöðumaður með skólanum á vikulegum fundum. Sama dag eru hálfsmánaðarlegar heimsóknir námsversins í Kjarnann. Á mánudögum er einnig alltaf eitthvað miðstigstengt (5. bekkur á skólatíma eða 6. og 7. bekkur kl. 17:00). Á þriðjudögum eru forstöðumannafundir (aðra hverja viku), samstarfsfundir vegna viðburða og verkefna (t.a.m. Markaðs- og kynningarmál, Stuttmyndahátíðin, Velkomin til starfa, fundur um Smíði og hönnun (þjónustunám), Miðstöðvarverkefnið o.fl. Á miðvikudögum er formannafundur og í kjölfarið er fundur nemendaráðs Kópavogsskóla og Kjarnans. Á fimmtu- og föstudögum er unglingatími með smíði og hönnun fyrir hádegi. Unglingar gera upp og vinna að aðstöðuuppbyggingu í sinni félagsmiðstöð. Á fimmtudögum eru stundum aukafundir forstöðumanna. Þá er líka umsjónartími unglingastígs og er það kjörinn tími til að ná í árgangana í heilu lagi, koma upplýsingum á framfæri og ræða mál. Á föstudögum er kjörið að vinna allskyns hópverkefni og að undirbúningi viðburða og í verkefnum. Alla daga eru hádegis- og dagopnanir og mögulega eitthvað

sérstakt verkefni í gangi, eins og t.d. Stíls-undirbúningur, skreytingar fyrir viðburðir, árshátíðarundirbúningur o.fl. Þá eru dagleg verkefni sem heyra undir samskipti við samstarfsaðila, börn, unglinga og foreldra (auglýsingagerð, fara í bekk, samfélagsmiðlar, tölvupóstur, Mentor eða í persónu). Þá er umsjón með tækjum og tólum, aðbúnaði og græjum. Ýmiskonar undirbúningur, frágangur og framkvæmd. Hér má líta á dæmigert mánaðarplan Kjarnans (utan tilfærslu á föstudagsopnunum) eftir skólatíma:

DAGSKRÁ KJARNANS – OKTOBER 2021

MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIDVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR	LAUGARDAGUR	SUNNUDAGUR
27. KL 17:00–18:30: Starfsmannafundur KL 19:30–21:30: 9. bekkjaopnun	28.	29. KL 17:00–18:30: <u>Klúbba-opnun</u> KL 19:30–21:30: 10. bekkjaopnun	30.	1. 8.bekkjaopnun kl. 20:00-22:30	2.	3.
4.FORVARNARVIKA KL 17:00–18:30: Starfsmannfræðsla KL 19:30–22:00: Hinsegin miðstöð	5.	6. FORVARNARVIKA KL 17:00–18:30: <u>Klúbba-opnun</u> KL 19:30–22:00: Hinsegin umræða	7.	8.	9.	10.
11. KL 17:00–18:30: Starfsmannafundur KL 19:30–22:00: KVÆÐJUVEISLA S.D.	12.	13. KL 17:00–18:30: <u>Klúbba-opnun</u> KL 19:30–22:00: VR-OPNUN	14.	15. KÖKUEPPNI KJARNANS kl.19:30-23:00	16.	17.
18. KL 17:00–18:30: Starfsmannfræðsla KL 19:30–22:00: BÍÓFERÐ	19.	20. KL 17:00–18:30: <u>Klúbba-opnun</u> KL 19:30–22:00: „IN & OUT – OPNUN“	21.	22.	23.	24.
25. KL 17:00–18:30: 6. og 7. bekkur KL 19:30–22:00: PYTHOKKÍMÓT	26.	27. KL 17:00–18:30: <u>Klúbba-opnun</u> KL 19:30–22:00: HJARTSLÁTTUR & FIFA-MÓT	28.	29. HALLOWEEN- FELUELTINGA LEIKUR kl.19:30-23:00	30.	31.

Svartur = Kjarninn // Blár = stórt // Gulur = mótkeppni // Ljósblár = námskeið klúbbar/umræður // Grænn = sameiginlegt í Kópavogi // Fjólublár = Samfésviðburðir // Rauður = „Jokað“

Valáfangar og heimanám í félagsmiðstöðinni: Pennan veturinn hefur forstöðumaður umsjón með tveimur valáföngum, þ.e. annars vegar „nemendaráðsvali“ (60 mín.) og hins vegar „klúbbaðsvali“ (60 mín.). Þá er félagsmiðstöðin í samstarfi við Smíði og hönnun tvisvar í viku (80 mín.).

Ýmsir framtíðar-möguleikar eru í samstarfi skóla og félagsmiðstöðva er kemur að valáföngum og að nýta mannauð og bjóða upp á fjölbreytni. Í þessu tilliti hafa starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar sett upp drög að nokkrum spennandi valáföngum sem kynntir hafa verið skólanum.

Í samstarfi við stærðfræðikennarann sér starfsmaður Kjarnans um tilraunaverkefni í vetur sem snýr að heimanámi í félagsmiðstöðinni. Þá þannig að unglingar geta komið og lært saman og tekið sér pásu af og til og tekið leik og átt góðar félagslegar stundir.

Samstarf við skóla: Á undanförunum árum hefur verið byggt upp öflugt og skilvirkt samstarf skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Samstarfið er tengt ákveðnum verkefnum (t.d. „Vinagangan - gengið gegn einelti“ 8. nóvember), ákveðnum viðburðum (10. bekkja bingó, jólaball og árshátíð), ákveðnum ferðum (skíðaferð unglingastigs, útskriftarferð 10. bekkja og Lauga/Laugarvatnsferða 9. b.), fræðslum fyrir unglinga og foreldra, valáföngum sem starfsmenn Kjarnans hafa séð um á unglingastigi, ráða- og nefndastarfi barna og unglinga, sérverkefna í anda „þjónustunáms“ („service learning“) og tilfallandi verkefni. Samstarfið hefur byggst upp jafnt og þétt og er samfíð samstarfi við foreldrafélagið og foreldra nemenda. Á vikulegum samstarfsfundum stofnanna er samstarfið í stöðugri þróun og umræðu. Verkefna- og viðburðapróun (samstarfsþróun) er stór í öllu samstarfi stofnananna. Pennan veturinn (sem og síðasta) er þróun miðstigsstarfs ofarlega á baugi auk þess að búa til heildræna lýðræðis-stefnu þvert á skólastigin þrjú. Þá hefur (einnig í samstarfi við foreldrafélagið) verið unnin „forvarnar-verkáætlun“ fyrir veturinn, en skóli og félagsmiðstöð ákveða fræðslur eftir hvaða áherslum staðan kallar á.

Hópastarf: Hópastarf snýr m.a. að áhættuhópum og þar er t.a.m. unnið með unglingum sem tala ekki íslensku sem sitt fyrsta tungumál. Það er gert í gegnum „Vertu velkomin“ verkefnið (sumarnámskeið, „félags-kennslu“ á veturna og skörun inn í annað starf eins og klúbbavalið). Almenn hópastarf er t.d. unnið í gegnum Klúbbaval, sem er valáfangi sem er vikulega á miðvikudögum kl. 17:00, og er settur upp í samstarfi við Kópavogsskóla. Það hefur reynst afar góð leið til að virkja unglinga inn í starf félagsmiðstöðvarinnar með því að þau taki þátt í hópastarfi klúbbavalsins. Það hefur virkað sem góð brú inn í starfið, góð leið til að virkja og vald efla einstaklinga og hópa í gegnum hópastarf. Hluti hópsins skilar sér svo áfram inn á kvöldopnanirnar meðan að þessi nálgun hentar sumum betur. Það er opið á sama tíma og þeir sem koma og eru ekki í Klúbbvali geta annað hvort slegist í hópinn eða farið í leiktækin eða annað slíkt. Bæði almennt og sértækt hópastarf hefur einnig verið í kringum ákveðin verkefni, eins og Stíl sem Samfés heldur árlega. Stíll er keppni í fatahönnun, förðun og hárgreiðslu og hefur það reynst vel að starfsmaður Kjarnans hafi unnið með litlum hópi, að þessu verkefni, yfir lengri tíma.

Forvarnaráætlun: Líkt og í fyrra vetur verða skólinn, félagsmiðstöðin og foreldrafélagið saman með fjórar fræðslur. Iðulega eru fræðslurnar á skólatíma, til að ná til sem flestra. Höfum iðulega farið inn í veturinn og metið þörfina, hvað sé í boði af fræðslum og árgangastýrt þeim (hvað hentar hvaða aldri og eftir hvernig staðan er í árgöngunum er hverju sinni). Þessi ráðhögun er afsprengi af verkefninu „Markvissar forvarnir“, sem fékk forðum styrk úr Forvarnarsjóði Kópavogsbæjar og varð á endanum til að leiða saman foreldrafélög, skólastjórnendur og félagsmiðstöðvar í þremur skólahverfum, þar sem að forvarnarstarf var samræmt.

Í vetur verður mikil áhersla andlega líðan og heilsu og á fjölmenningarfræðslu (bæði með fræðslu „Hvaðan ertu? Mannflóran“ og eins í gegnum jafningjafræðslu Ungmennaráðs Samfés). "Unglingar gegn ofbeldi" er fræðsla sem félagsmiðstöðin vinnur með unglingunum. Kynfræðsla verður í ýmsum myndum. Stefnan er að vinna sérstaklega með 6. Bekk (með vina-, samskipta- og félagsfærni). Þá er stefnan að stofnanirnar verði saman með „Sjúk ást“ (fyrir allt unglingastigið) á skólatíma og „Örugg saman“ (fyrir 10. bekk) á vormánuðum. Höfum rætt þörfina á fræðslu á hjálma- og vespunotkun.

Þá byggist að sjálfsögðu sú fræðsla sem er fengin hverju sinni á því sem undan er gengið. Bæði í þeim skilningi að við fáum inn árlega það efni sem við teljum eiga best við ákveðinn aldur (sbr. F.M.F.Y. fyrir 8. bekk, Örugg saman fyrir 10. bekk og Sjúk ást fyrir alla). Og einnig þeim skilningi að vera ekki að endurtaka okkur gagnvart sama forvarnarhluta gagnvart sama hóp, heldur gæta að fjölbreytileikanum og nýta þannig fjármagnið, eftirfylgnina og ígrundunina betur. Hin árlega forvarnavika var í ár með áherslu á „Hinsegin,..“ Það er mikilvægt að halda á lofti fræðslu gagnvart rafsígarettum, koffíndrykkjum og lífstílsþáttum eins og svefni, hreyfingu (að sporna við kyrrsetu og óafturkræfum áhrifum hennar), mataræði og því að almennt að sinna andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu. Skjátíminn er svo auðvitað stór þáttur í þessu öllu, því að hann er að "stela" tíma frá öðru, sem hefur jákvæð áhrif á lýðheilsutengd.

Hvaða starfsmenn koma að starfinu: Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar og 70% frístundaleiðbeinandi leiða það starf sem á sér stað á skólatíma og bera því hitan og þungan að öllum undirbúningi starfsins sem fer fram utan skólatíma. Sjá einnig um hádegis- og dagopnanir. Að auki er heilmikið samstarf við skólann, t.a.m. gagnvart fræðslu- og forvarnarstarfi. Þannig eru báðir þessir starfsmenn að sjá um fræðslur í samstarfi við námsráðgjafa skólans. Einnig er sértækt samstarf við ákveðna kennara varðandi ákveðin verkefni, eins og t.a.m. Heimanám, Smíði og hönnun (þjónustunám) og félagsstarf og upplýsing nemenda sem tala ekki íslensku sem sitt fyrsta tungumál. Þá er farið í bekk þar sem kynnt er hvað er efst á baugi hverju sinni. 70% starfsmaðurinn (ásamt hlutastarfsmanni í lítilli prósentu) heldur utan um þróunarverkefnið „Miðstöðin“, í samstarfi við frístund skólans og stjórnendur. Í því felst tilraunaverkefni að brúa bil milli yngsta- og miðstigs og þrepaskipta starfinu bæði milli skólastiga og eins milli 4. og 5. bekkjar og 6. og 7. Bekkja. Þá til að tryggja að upplifun þeirra af þróuninni félagslega sé þrepastyrk (líkt og skólastigin eru) og þar af leiðandi skapast síður leiði og upplifun breytinga verður sterkari hjá börnum og unglingum. Að sama skapi sér starfsmaðurinn að auki um

miðstigsráð sem verið er að koma á fót, í anda aukins barnalýðræðis. Tveir 33% starfsmenn“ vinna síðan á öllum opnunartímum félagsmiðstöðvarinnar og eru einnig á starfsmannafundum og fræðslum.

Verkefni/viðburðir sem snúa að Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðunum:

Hvern og einn viðburð og hvert og eitt verkefni má tengja með beinum og/eða óbeinum hætti við Heimsmarkmiðin. Í kortlagningu heimsmarkmiðanna gagnvart Kjarnastarfinu (og tengingu við yfirmarkmið Kópavogsbæjar) kom það einmitt fram hvað starfsemin er að tengjast markmiðunum sterkt og hvernig, meðvitað og ómeðvitað, starfsemin sem fyrir var mætir markmiðunum með ýmsum hætti. Erum að ramma inn myndir af Heimsmarkmiðunum til að hengja upp, ásamt veggspjaldi með Barnasáttmálanum. Nemendaráðið mun fjalla um Barnasáttmálann og Heimsmarkmiðin og hvernig Kópavogsbær vinnur með þær nálganir. Enda mikilvægt að þau tengist þeim vel og læri að tileinka sér hugmyndafræðina. Þannig má segja að fyrstu skrefin séu að læra og aðlagast.

Áherslur í starfinu og tengsl við 5 yfirflokka:

- **Viðburðir í vetur:** 1) lágmarka kostnað, 3) huga að heilbrigði.
- **Þjónusta og lýðræði:** 1) lágmarka kostnað, 10) tryggja þátttöku-möguleika og aukið lýðræði.
- **Málefni barna og fjölskyldna:** 16) Vertu velkomin (móttöku- og aðlögunar prógramm).
- **Loftlagsmál:** 12) flokkun sorps, lágmarka úrgang, endurnýta, vera fyrirmyndir.
- **Lýðheilsa:** 3) Útivera, hreyfing, afþreying, jákvæður félagsskapur, öryggi, vellíðan.

Viðburðir á vegum Kjarnans í vetur: Fastir liðir: Náttfatanótt, kökukeppni, bingó, LAN (í fleirtölu), Hjartsláttur, skíðaferð, árshátíð og jólaball, leiktækjamót, tölvuleikjamót. Einnig margt fleira, sem unglingaráðið ákveður.

Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva: Íþróttadagar og ball, forvarnarvika, LAN mót, sköpunardagur, stuttmyndhátíð, sköpun/workshop, söngkeppni, spurningakeppni, Nýársball skíðaferð, stuttmyndahátíð, sköpunardagur, Getkó, nýársball og Félkóhátíð, viðburður og böll á vegum Félkó.

Viðburðir í samvinnu við skólann: „Vinagangan - gengið gegn einelti“, Hrekkjavaka, Öskudagur, 10. bekkja bingó, jólaball og árshátíð, skíðaferð unglingastigs og fleira.

Sumar - Velkomin sumarnámskeið, sumarsmiðjur, sumar-útilega og kvöldopnanir og Flakkandi félagsmiðstöð: Auk sumarsmiðja fyrir miðstig sér Kjarninn væntanlega líka um aðlögunar- og móttökuprógrammið „Velkomin“ eins og síðstu þrjú sumur. Prógrammið er tvískipt, þ.e. miðstig og unglingastig. Um er að ræða sértækt hópastarf, virkni og valdeflingu. Síðasta sumar var um að ræða þjónustu sem sex af níu skólum bæjarfélagsins nýttu og á fimmta tug barna og unglinga í Kópavogi. Miklir vaxtamöguleikar eru í Velkomin verkefninu, m.a. að byggja á þeirri vinnu inn í veturinn.

Sumarsmiðjur miðstigs verða væntanlega fljótandi eins og síðasta sumar. Kvöldopnanir/Sumaropnanir verða væntanlega á sínum stað á mán- og miðvikudögum, líkt og síðasta sumar. Og vonandi og væntanlega áframhald á Flakkandi og útilegu sem sameiginlegur viðburður. Samstarf við vinnuskólann snýr að þeim starfsmönnum sem komu inn á námskeiðið í gegnum vinnuskólann og unglingunum sem tóku þátt í sumarnámskeiði Velkomin.

4. Sérverkefni

Lýsing á verkefnum sem móta jákvæð samskipti:

Velkomin verkefnið snýr í grunninn að móttækileika og jákvæðum samskiptum í aðstæðum þar sem þau eru mjög mikilvæg, fjölmenningsarsamfélaginu. Mikilvægt er að samfélagið okkar mótist á jákvæðum nótum í átt til fjölmenningar. Að við blómstrum í fjölbreytileikanum, sem fjölmenningsarsamfélag. Gríðarlega mikilvægt upp á framtíðina að gera – fjárfesting til framtíðar. Að samfélagið verði meira „Welcoming“ bætir það inn á við og út á við.



Lýsing á verkefnum sem vinna gegn félagslegri einangrun:

Velkomin verkefnið (aðlögun þeirra sem eru ný- eða nýlega fluttir til landsins og tala ekki íslensku sem sitt fyrsta tungumál) er í grunninn menningarlegt. Það aðlagar bæði okkur sem samfélag og aðflutta. Ekki aðeins snýr þetta verkefni að brúa tungumála- og menningarmun heldur einnig að því samfélagið í heild sinni sé meira „welcoming“ og meðvitað um það. Um þetta snýst samráðshópur félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans, Kópavogsskóla, Álfhólsskóla, MK (Menntaskólans í Kópavogi) og Samfés, sem á dögnum fékk styrk úr Sprotasjóði Menntamálaráðuneytisins til þess einmitt að börn, unglingar, ungmenni (þvert á skólastig) spái í og greini hvernig við getum gert samfélagið opnara og móttækilegra fyrir þeim breytingum sem nú herja á. Styrkurinn verður m.a. nýttur til að búa til jafningjafræðsluefni fyrir unglinga um fjölmenningu.

Samfés-punkta-kerfið hvetur til þátttöku og virkni og virkar vel sem slíkt. Hvatinn er að komast á Samfés-viðburð þar sem að takmarkað miðamagn er á Samfesting Samfés (ball/tónleikar og söngkeppni) . Fjöldatölur eru hvatning til að virkja starfsfólk, nemendaráð, umhverfið til að virkja og valdefla unglingana. Kerfið hvetur til þátttöku og virkni.



Að taka þátt í verkefnum (stórum sem smáum) – fá hlutverk Það er gömul og ný saga að virkjun í gegnum hlutverk og þátttöku í verkefnum og viðburðastjórnun (eins og t.d. Stíl, Getkó, DJ-un o.fl.) eignast þátttakendur ákveðna hlutdeild ... og félagsmiðstöðin verður þeirra. Þannig erum við allan daginn alla daga í fyrsta stigs forvörnum – sem miðar fyrst og fremst að því að virkja og valdefla – skapa þátttöku. Stefnan að virkja þátttöku inn í gegnum VAXA appið (Life quest) í framtíðinni.

5. Unglingaráð (NEMKÓ – nemendaráð Kópavogsskóla og Kjarnans)

Nemkó er nemendaráð Kópavogsskóla og Kjarnans (unglingar): Með þátttöku og virkni í ráðum, nefndum og á fundum hafa unglingar í Kópavogi fengið mjög svo vaxandi og valdeflandi hlutverk á aðeins örfáum árum. Í anda þátttökustiga Harts (bókin „9 þrep æskulýðsstarfs“) er lögð áhersla á að unglingalýðræðið sé virkt, á sem heilbrigðastan máta. Í gegnum þátttöku í ráðinu (sem metið er inn sem ígildi valáfanga) læra unglingarnir um lýðræði (t.d. muninn á beinu lýðræði og fulltrúalýðræði – lýðræðisskóli/-nám og um mannréttindi, réttindi og skyldur samfélagsþegna). Með vaxandi þátttöku og virkni eflist borgaravitundin og sú reynsla (það nám - reynslunám) mun klárlega skila gegnum þjóðfélagsþegnum sem láta sig almenn samfélagsmál varða. Láta rödd sína heyrast og leggja sín lóð á vogaskálar framtíðarinnar. Enn sem áður fyrr.

Nú hefur verið ákveðið að koma á fót miðstigsráði og vinna þannig enn betur að miðstigs-lýðræðinu. Með því undirbúum við miðstigsbörn í barnalýðræðinu, þannig að þau séu betur undirbúin fyrir unglingalýðræðið á unglingastiginu. Byrjað að ala upp lýðræðið í miðstigsstarfi félagsmiðstöðvanna, á mikilvægum þroskaaldri félagslega. Þá eru hugmyndir uppi að Kópavogsskóli verði fyrsti skólinn og Kjarninn fyrsta félagsmiðstöðin sem í samstarfi búa til heildrænt lýðræði, þvert á aldursstig innan grunnskólans. Sú hugmyndavinna er unnin samhliða undirbúningi á barnþingi Kópavogsbæjar í mars 2022 – og byggð á reynslu úr nokkrum áttum.




Formannahlutverkin og formannaafundir: Skipting hlutverka formanna. Formennirnir skipta með sér setu í Skólaráði og Ungmennaráði Kópavogsbæjar. Þá hefur skapast sú hefð að annar formannanna bjóði sig einnig fram til Ungmennaráðs Samfés. Formennirnir tveir halda reglulega fundi með forstöðumanni. Þar eru Nemkó-fundirnir undirbúinir (dagskrá og upplýsing), tillögur unnar og upplýsinga aflað. Þar læra formenn undirbúning funda (dagskrá) og einnig að stýra ákveðnum liðum á fundunum sjálfum (fundarstjórn/framkvæmd). Hér verður áframhaldandi þróun, þennan veturinn sem og aðra.

Félkó: Kjarninn skipar 2-3 fulltrúa í Félkó (félagsmiðstöðvaráð Kópavogsbæjar) og eru fulltrúarnir allir í Nemendaráðinu (Nemkó).

Ungmennaráð Kópavogsbæjar: Formlegt ráð Kópavogsbæjar. Skóli og félagsmiðstöð tilnefna fulltrúa síns skólahverfis í ráðinu. Hefð hefur skapast fyrir því að annar tveggja formanna Nemkó sitji í Ungmennaráðinu, enda báðir lýðræðislega kjörnir.

Ungmennaráð Samfés: Í þessu ráði eru þrír fulltrúar frá Kópavogi. Kosið er á Landsmóti Samfés. Kjarninn, enn sem áður, verður með framboð til þessara sæta. Nú þegar er fulltrúi Kjarnans á sínu öðru ári í ráðinu.

Fundarsköp, lýðræði og upplýsing: Jafnt og lýðræðið er mikilvægt er mikilvægt að gera öll fundarhöld sem skilvirkust og upplýsa alla hlutaðeigandi með að koma fundargerðum á framfæri. Það gerum við með góðu skipulagi og hvatningu til þátttakenda. Upplýsingin er mikilvæg – að aðgengi sé gott að upplýsingum (fundargerðum) fyrir alla hlutaðeigandi jafnt og að fulltrúar ráðsins í öðrum ráðum og nefndum upplýsi ráðið um hvað sé að fréttast þaðan – og spegli, ígrundi og spái í ýmsum málefnum í sínum hópi.



6. Foreldrasamstarf

Upplýsingagiöf: Í gegnum Mentor, heimasíðu félagsmiðstöðva í Kópavogi, „Like-síðu“ Kjarnans á Facebook, Instagram, á heimsíðu Kópavogsskóla og í gegnum samtöl, símtöl og tölvupóstsamskipti. Þá er sérstök kynning fyrir foreldra 8. bekkja nemenda í byrjun skólaárs, í samstarfi við umsjónakennarana.

Foreldrafélag Kópavogsskóla: Í gegnum árin hefur samstarfið við foreldrafélagið vaxið og dafnað. Nú eru ákveðnir árlegir viðburðir sem félagsmiðstöðin og foreldrafélagið sinna saman og í vetur verður engin breyting þar á. Dæmi um samvinnuverkefni eru Vorhátíðin/ Fjölskylduhátíðin, Hrekkjavöku-vikan, 2. stigs forvarnarstarf – fræðslur (einnig í samstarfi við skólann) og aðstöðu uppbygging. Samstarfið mun verða áfram á sömu nótum.

Foreldrasamstarf: Lögð er áhersla á gott samstarf milli félagsmiðstöðvarinnar og foreldranna beint. Þannig nær starfsfólkið að kynnast foreldrum og foreldrarnir starfsfólkinu og aðstöðunni. Á Náttfatanótt eru foreldravaktir, sem opna einmitt á að unglingarnir upplifa foreldrana og starfsfólkið saman, í gegnum starfið. Þá hefur Kjarninn lagt sig fram um að hafa Félagsmiðstöðvadayinn spennandi og skemmtilegan, þ.e. þegar gestum og gangandi er boðið að heimsækja félagsmiðstöðina. Þá kemur félagsmiðstöðin að fjárflyunarbingói 10. bekkja, en þá fyllist iðulega salur skólans af foreldrum, ættingjum og vinum nemenda skólans, sem eiga góða stund saman. Viðburðurinn er einmitt haldin í samstarfi við foreldra. Á árgangaopnunum vinnur félagsmiðstöðin með foreldrum og umsjónarkennurum að því að búa til eftirminnilegan dag fyrir hvern árgang í félagsmiðstöðinni. Samstarfið í vetur mun a.m.k. tengjast Náttfatanótt og 10. bekkja bingói.

7. Verkferlar

- Neyðaráætlun
Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.

- Móttaka nýrra starfsmanna
Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira.
- Öryggisgátlisti
Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.
- Handbók um starfið
Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfs.
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)
Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við skóla.
- Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Gátlisti vegna eineltis.

Leyfisbréf:

Þegar starfsemin nær út fyrir útivistartíma, yfir lengri tíma og tengt sérstöku starfi er óskað eftir leyfisbréfum þátttakenda. Þar gefa foreldrar leyfi fyrir þátttöku síns unglings og unglingurinn kvittar undir að ætla að hegða sér vel og vera til fyrirmyndar.

Á ferð með börn og unglinga:

Þegar farið er í ferðir og á viðburði úr húsi er tekin með aðstandendalisti. Leyfisbréf þurfa að liggja fyrir svo þátttakandi fari með. Viðmiðið er að það séu alltaf a.m.k. tveir starfsmenn með börnum og unglingum í öllu starfi félagsmiðstöðvarinnar sem ekki er á skólatíma.

Að ferðast í strætó og rútu:

Viðmiðið er að það séu alltaf a.m.k. tveir starfsmenn með börnum og unglingum í starfi.

8. Innra mat

Innra mat:

Niðurstöður R&G gefur ákveðna mynd af stöðunni, hvernig gengur heilt yfir í Kópavogi, sem og á hverfavisu. Það gefur okkur hugmynd um hvernig haga á starfi og fræðslu. Horft er til fjöldatalna og þannig lagt mat á hvernig gengur að vekja áhuga barna- og unglinga á starfseminni og virkja hann. Einnig er, í samtalinu, hlustað eftir því (frá utanaðkomandi, starfsmönnum, foreldrum og samstarfsaðilum) hvernig gangi. Ákveðinn samanburður er í gangi gagnvart mætingu annarra á sameignlega viðburði. Þá hefur verið hlustað eftir útkomu í Skólapúlsinum. Síðast, en ekki síst, er hlustað á raddir barna- og unglinga. Það er m.a. gert í gegnum Nemkó (ráð nemenda Kópavogsskóla og Kjarnans).

9. Símenntun

Haldnar eru reglulega starfsmannafræðslur sem allir starfsmenn félagsmiðstöðva mæta á. Þessar fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu.

Símenntun

Fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Velkomin til starfa var að þessu sinni tveggja daga fræðsla frá Margréti Sigurðardóttur sem byggði á mikilvægi og hlutverk starfsfólks félagsmiðstöðva sem fyrsta stigs forvörn, ásamt hinsegin fræðslu. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu.

Símenntunaráætlun 2021-2022

Fræðsluerindi	Dagsetning	Efni
Að vera starfsmaður í félagsmiðstöð	1.og 3.september	Leiðtogar, fyrirmynd og gleði í frístundastarfi/Hinsegin /Kynsegin fræðsla
Skyndihjálp	20. september	Skyndihjálp, áhersla á ungt fólk og viðbrögð við kvíða og annarri vanlíðan.
Klám og „sexting“	1.nóvember	Umfjöllun um stafrænt kynferðisofbeldi og umfang kynferðislegra myndsendinga meðal barna.
Lærdómsfundur	2.febrúar	Kynning á BA verkefnum starfsmanna félagsmiðstöðva, verkefnum sem hafa fengið tilnefningu í Kópinn, Forvarnarsjóð Kópavogs og Hvatningaverðlaun Samfés
Skipulagsdagur hlutastarfsmanna	4.maí	Hlutastarismenn félagsmiðstöðva koma með hugmyndir að viðfangsefnum og skipulagi fyrir næsta starfsár í samtali við deildarstjóra frístundadeildar.

Fræðsluáætlun félagsmiðstöðva í Kópavogi

Fræðsluerindi	Mánuður
Orkudrykkir	september
Sexting /Hinsegin fræðsla	október
Unglingar gegn ofbeldi	nóvember
Örugg Saman	janúar
Fjölbreytnin auðgar (vinna með fjölmenningu í starfi félagsmiðstöðva)	janúar – febrúar
Jafningjafræðsla Velkomin	janúar-febrúar

10. Fjöldatölur

Starfsmenn eru meðvitaðir um fjöldatölurnar og er það hvatning til að virkja sem flesta inn í starfið. Skilin eru mánaðarleg.

11. Starfsfólk og starfsheiti

Halldór Hlöðversson - 100% Forstöðumaður

Arna björg Steinarsdóttir – 70% Frístundaleiðbeinandi

Marteinn Guðmundsson – 33% Frístundaleiðbeinandi

Ráðningarferli í gangi – 33% Frístundaleiðbeinandi

Atli Ásmundsson – frístundaleiðbeinandi á tímavinnusamningi

Laufey Hanna Tómasdóttir – frístundaleiðbeinandi á tímavinnusamningi

Sunna Dís Johnsdóttir – frístundaleiðbeinandi á tímavinnusamningi



Sem afsprengr af Vertu Velkomin verkefninu er starfandi samráðshópur á Kópavogs- og landsvísu. Hann snýr í grunninn að því að brúa félagslegt bil milli skólastiga og vinna að móttöku og aðlögun aðfluttra. Styrkur fékkst úr Sprotasjóði Menntamálaráðuneytisins sem nýttur verður í að virkja ungt fólk inn í þessa vinnu.

Þróunarverkefni – Smíði og hönnun (þjónustunám):

Í anda þjónustunáms koma unglingar í 10. bekk að aðstöðu-uppbyggingu og viðhaldi í sinni félagsmiðstöð. Það er gert í gegnum áfangann Smíði og hönnun. Þar er einnig áhersla á að kenna viðburða- og verkefnastjórnun tengt árshátíðinni.

Þróunarverkefni - Valáfangaþróun :

Kjarninn og Kópavogsskóli hafa verið í farabroddi félagsmiðstöðva í Kópavogi í að þróa valáfanga. Má þar nefna Ungmennahúsaval, Samfésval, Klúbbaval, Nemendaráðsval o.fl. Í samstarfi við Samfés er hugmyndin að útbúa aðgengilegt svæði þar sem að geymd eru dæmi um valáfanga sem aðrar miðstöðvar geta nýtt sér (valáfangalýsing, kennsluáætlun og hæfniviðmið áfangans). Þá er samstarf við ýmsar greinar að gefa góða raun, sbr. Smíði og hönnun. Eins er fyrirhugað að koma með valáfanga sem snýr að lífstíl og lýðheilsu.



